

# STJÓRNARTÍÐINDI B 16 – 1998

---

Nr. 120

242

27. febrúar 1998

## REGLUGERÐ

### um varnir gegn smitandi hitasótt í hrossum.

#### 1. gr.

Þar sem komið hefur upp áður óþekktur dýrasjúkdómur hér á landi („smitandi hitasótt í hrossum“) er allur flutningur hrossa milli hesthúsa, lögbýla og landshluta bannaður.

#### 2. gr.

Undanþegnir eru flutningar hrossa til slátrunar sem háðir eru sérstöku leyfi yfirdýralæknis hverju sinni. Við flutninga samkvæmt undanþágu yfirdýralæknis gilda m.a. eftirfarandi reglur:

- a. Bílstjórum á flutningabílum er óheimilt að fara í hesthús, gerði eða á aðra þá staði þar sem hross eru.
- b. Bændur skulu hafa sláturhross tiltæk og aðgreind frá öðrum hrossum, svo og nægan mannafla til að koma sláturhrossum á flutningatæki.
- c. Flutningatæki skal hreinsa og sóthreinsa á fullnægjandi hátt að mati héraðsdýralæknis fyrir og eftir flutninga í slátrun.

#### 3. gr.

Eigendum og umráðamönnum hrossa er skylt að gæta ítrasta hreinlætis við hirðingu og forðast allan umgang við hross í öðrum húsum.

#### 4. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. febrúar 1998.*

**Finnur Ingólfsson.**

*Jón Höskuldsson.*